

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Kærði lyfsali Erik Eriksen greiði einnig allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Páls Vídalín Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 27/1904:

Hið opinbera
gegn
Sigurjóni Jónssyni.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 10. nóv. f. á., var hinn kærði, Sigurjón kaupmaður Jónsson, dæmdur fyrir lögreglubrot í 15 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða allan kostnað lögreglumálsins gegn honum. Þessum dómi hefir verið áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Það er nægilega sannað í málinu með vitnaskýrslum, er fengnar hafa verið, að hinn kærði hafi að kvöldi dags 4. nóv. f. á. sýnt af sér ofsalegt atferli og gjört hávaða og ónæði inni á veitingastaðnum »Hotel Island« og síðan gjört hávaða og sýnt af sér ofsalegt hátterni á götum bæjarins. Kærði var þetta kvöld nokkuð

drukkinn inni á Hotel Island, var þar með háværan söng og barði í borðin, og með því að gestirnir þóttust verða fyrir ónáðum af honum, voru lögregluþjónar bæjarins sóttir, og komu þeir honum út úr veitingahúsinu, en með tregðu af hans hálfu; hafði kærði þá barið saman hnefunum framan í lögregluþjónana, var stórorður og lét á annan hátt ofsalega, áður en honum varð komið út. Eftir að kærði var farinn út úr veitingahúsinu og á heimleiðinni til sín hafði hann enn mikinn hávaða og ofsaleg orð og atferli í viðurvist lögregluþjónanna, svo að við sjálf lá, að hann yrði handtekinn. Með þessu atferli hefir kærði brotið gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur 15. nóv. 1890, 43. og 3. gr., og þykir sekt sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin af undirdómaranum eftir 57. gr. samþyktarinnar 15 kr., er renni í bæjarsjóð Reykjavíkur. Með því að einnig verður að samþykkja málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins, verður að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður kærði*og að greiða allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og tilvísunarslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið verið vítalau og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluvéttardómurinn skal vera óraskaður. Kærði Sigurjón Jónsson greiði einnig allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og tilvísunarslaun

til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Páls Vídalín Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómnum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. janúarmánaðar.

Nr. 19/1904:

Hofskirkja í Vopnafirði

gegn

Skiftaráðandanum í Norðurmúlasýslu
fyrir hönd dánar- og þrotabús Jóns
Jónssonar prests að Hofi.

D ó m u r :

Í máli þessu er áfrýjað til yfirdómsins skiftum á dánar- og þrotabúi præp. hon. síra Jóns Jónssonar á Hofi, sem lokið var fyrir skiftarétti Norðurmúlasýslu 17. nóv. 1903, og hefir áfrýjandi fram lagt »útskrift úr skiftabók Norðurmúlasýslu«, sem inniheldur þetta skiftalokaréttarhald 17. nóv. 1903, en þá fram fór úthlutun í búinu, en hann hefir eigi framlagt skiftagjörðir »i n f o r m a«, eða réttargjörðir, er taki yfir alla skiftameðferð búans. Þannig hefir áfrýjandi eigi framlagt fyrir yfirdóminum eftirrit af réttarhaldi því, þá er krafa prófests til búans fyrir skuld Hofskirkju að upphæð 6759 kr. 37 aur., hefir verið borin fram í skiftaréttinum, en það er einmitt ráðstöfun skiftaréttarins á þessari skulda-